

Nd.

239. Frumvarp til laga

[123. mál]

um breyting á lögum nr. 56 21. apríl 1954, um sildarleit úr lofti.

Flm.: Einar Ingimundarson, Jónas G. Rafnar.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Halda skal uppi sildarleit úr lofti og á sjó fyrir Norður- og Austurlandi vor- og sumarmánuðina. Skal við það miðað, að svo margar flugvélar og leitar skip sem þurfa þykir hverju sinni haldi uppi daglegri og skipulagsbundinni leit að síld, þegar þurfa þykir á tímabilinu 20. maí til 10. sept., eftir því sem nánar verður ákveðið af sildarleitarnefnd og sildarleitarstjóra.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðherra skipar sex manna nefnd til 3 ára í senn, sem skal hafa yfirstjórn sildarleitarinnar með höndum. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Sildarverksmiðja ríkisins, annar samkvæmt tilnefningu stjórnar Samtaka sildarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, þriðji samkvæmt tilnefningu sildarútvegsnefndar, fjórði samkvæmt tilnefningu stjórnar fiskimálasjóðs, fimmti samkvæmt tilnefningu stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjötti samkvæmt tilnefningu fiskideildar atvinnudeildar Háskóla Íslands. Ráðherra skipar einn þeirra formann nefndarinnar. Verði ágreiningur í nefndinni, sker atkvæði formanns úr. Hún ber nafnið sildarleitarnefnd, og ákveður ráðherra laun nefndarmanna. Laun nefndarmanna greiðast af sildarleitarkostnaði.

3. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Sildarleitarnefnd ræður sildarleitarstjóra, ákveður laun hans og setur honum erindisbréf. Má hann ekki hafa með höndum önnur störf á tímabilinu, sem sildarleitin stendur yfir.

Sildarleitarstjóri ræður starfsmenn sildarleitarinnar, ræður flugvélar og skip til leitarinnar, að fengnu leyfi atvinnumálaráðherra, og annast daglega stjórn leitarinnar, allt í samráði við sildarleitarnefnd. Sildarleitin skal hafa talstöðvar á Siglufirði, Raufarhöfn og Seyðisfirði um síldveiðitímann til að afla og dreifa fréttum til síldveiðiflotans.

4. gr.

Upphaf 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist þannig:

Kostnað vegna sildarleitar á sjó greiðir ríkissjóður, en kostnaður vegna leitar úr lofti greiðist samkvæmt eftirfarandi reglum: Fyrir 20. maí ár hvert skulu Sildarverksmiðjur ríkisins, sildarútvegsnefnd og fiskimálasjóður leggja fram hver um sig 150 þús. kr. til þess að standa straum af kostnaði af sildarleit úr lofti á sildarvertið þeirri o. s. frv.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 56 1954 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsögninni: Lög um sildarleit.

Ákvæði til bráðabirgða:

Sildarleitarnefnd samkvæmt lögum þessum skal í fyrsta sinn skipuð fyrir 1. maí 1962.

Greinargerð.

Um margra ára skeið hefur verið haldið uppi sildarleit úr lofti fyrir Norður- og Austurlandi um síldveiðitímann, og hin síðari ár hefur einnig í vaxandi mæli verið stunduð sildarleit á sjó á sömu miðum og á sama tíma. Er enginn ágreiningur um, að báðir þessir þættir sildarleitarinnar hafa verið til hins mesta hagræðis fyrir síldveiðiflotann og alla þá, sem hagsmuna eiga að gæta við síldveiðar, þar á meðal þjóðarbúið í heild.

Um sildarleit úr lofti eru til lög nr. 56 frá 21. apríl 1954. Er þar kveðið á um stjórn leitarinnar, hverjir skuli bera kostnað af henni, í hvaða hlutföllum kostnað-